

tilheyrir öðrum ofar. Samkvæmt þessu er það því samhuga álit dómendanna að Kjarkalækur verði að teljast að hafa fallið í Gljúfurá þar sem Hópið rennur í Gljúfurá.

Af þessum ástæðum, sem ennfremur eru styrktar með fram-
burði vitna og öðrum gögnum, sem fram hafa komið af hendi Svignaskarðseigenda, að veiðin hafi fram á síðustu ár að eins verið stunduð frá Svignaskarði, verða dómendurnir að fallast á kröfur Svignaskarðseigenda um að öll laxveiði í Gljúfurá frá því að Hópið fellur í hana og alla leið að Sólheimatungu landi alt þar til er lönd Sólheimatungu og Hanga mætast, tilheyri Svignaskarði með Fróðhúsum.

Krafa eigenda Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti um að eigendur Svignaskarðs með Fróðhúsum verði sektaðir fyrir óþarfa málsýfingu verður ekki tekin til greina. Dagpeningar, fæðis- og ferðakostnaður dómenda ákveðst 20 kr. á dag.

Kostnað af dómþingi þessu kr. 97,00 greiði eigendur Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti Jónas E. Jónsson, Jón Björnsson frá Bæ, Jón Björnsson frá Svarthóli og Jósep Björnsson in solidum. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Mánudaginn 18. júní 1923.

Nr. 52/1922.

Gestur Guðmundsson

(Björn P. Kalman)

gegn

Ólafi Blöndal f. h. verslunar

Tang & Riis, Skógarnesi

(Pjetur Magnússon),

útaf verðlagi á útlendum nauðsynjavörum hjá versluninni árin 1919 og 1920 og uppbót á verðinu þau árin.

Dómur gestarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 15. sept. 1921: Stefndi, Gestur Guðmundsson, bóndi á Rauðamel ytri í Eyjahreppi, greiði stefnanda, Ólafi versl-

anarstjóra Blöndal í Skógarnesi fyrir hönd verslunar Tang & Riis s. st., 2077 kr. 76 aura með 5% ársvöxtum frá 1. janúar þ. á. til borgunardags og 50 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu, sem skotið er til hæstarjettar samkvæmt uppreistarleyfi dags. 14. sept. f. á., hefir áfrýjandi gjört þær kröfur, að frá upphæð þeirri, er hann hefir verið dæmdur til að greiða, verði dregið:

- | | |
|---|------------|
| 1. ógreiddur $\frac{1}{5}$ hluti af verði sláturfjárafurða 1919 | kr. 417,10 |
| 2. verðmunur á útteknum vörum 1919 miðað við Borgarnesverð | — 165,73 |
| 3. 5% af viðskiftareikningi áfrýjanda s. á. | — 138,50 |
| 4. verðmunur á útteknum vörum 1920 miðað við Borgarnesverð | — 224,64 |
| Samtals | kr. 945,97 |

Stefndi hefir hjer fyrir rjettinum samþykkt að dómkrafan færist niður um hina fyrstnefndu upphæð kr. 417,10.

Um 2. og 3. lið er þess að geta, að stefndi hefir hinn 31. des. 1919 fært áfrýjanda til tekna uppbót á reikningi hans í Skógarnesi kr. 162,88, og þar sem álíta verður eftir því, sem fyrir liggur, að uppbót þessi sje uppbót á verði útlendrar vöru árið 1919 og uppbót þessi er að telja má hin sama og áfrýjandi gjörir kröfu til, verður að álíta að hann hafi þegar fengið greiddan umræddan verðmun. Hinsvegar hefir áfrýjandi eigi fært nein rök fyrir því, að hann eigi kröfu til frekari ívilnunar það ár, þótt

verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi hafi ef til vill gefið skuldlausum viðskiftamönnum sínum afslátt af ákveðnu vöruverði.

Hvað loks viðvíkur 4. kröfuliðnum verður að telja það sannað með vitnisburðum 2ja manna, að verslunarstjórinn í Skógarnesi hafi á fundi í Hofgörðum haustið 1920 lýst því yfir í áheyrn alls þingheims að sama verð yrði á útteknum vörum í Skógarnesi árið 1920 sem hjá verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, og hafa vitnin í þessu sambandi borið, að þau hafi skilið yfirlýsingu verslunarstjórans svo, að sama verð ætti að vera að minsta kosti á allri nauðsynjavöru. Það verður nú að líta svo á, að yfirlýsing þessi sje bindandi fyrir verslunina ekki að eins gagnvart þeim viðskiftamönnum, er staddir voru á fundinum eða búsettir voru í Staðarsveit, heldur einnig alment gagnvart öðrum viðskiftamönnum verslunarinnar, þar á meðal áfrýjanda, enda væri það lítt skiljanlegt að annað verðlag hefði átt að gilda gagnvart viðskiftamönnum verslunarinnar í nágrannasveitum.

Þar sem nú stefndi hefir eigi hreyft mótmælum gegn útreikningi áfrýjanda á þessum verðmun að því er úttekt hans snertir, ber að taka til greina kröfu hans um frádrátt á umræddum kr. 224,64.

Samkvæmt framansögðu færist þá hin tildæmda upphæð niður um kr. 417,10, + 224,64 eða alls kr. 641,74 og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 1436 kr. 2 auru með vöxtum eins og segir í dómnum.

Eftir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli niður bæði í hjeraði og hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Gestur Guðmundsson, greiði stefnda, Ólafi verslunarstjóra Blöndal fyrir hönd verslunar Tang & Riis í Skógarnesi, 1436 kr. 2 aura með 5% ársvöxtum frá 1. jan. 1921 til borgunardags.

Málskostnaður í hjeraði og hæstarjetti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags. 17. febrúar þ. á. hefir Ólafur verslunarstjóri Blöndal í Skógarnesi fyrir hönd verslunar Tang & Riis s. st. höfðað mál þetta fyrir gestarjetti sýslunnar gegn Gesti Guðmundssyni bónda á Rauðamel ytri í Eyjahreppi, og hefir stefnandi gjört þær rjettarkröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á verslunarskuld kr. 2226,00 ásamt 7% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Mál þetta er risið út af verslunarviðskiftum stefnda við verslun Tang & Riis í Skógarnesi árin 1919 og 1920. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi lofað því að stefndi fengi allar útteknar vörur við verslunina með sama verði og verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi seldi sömu vörutegundir, en þetta loforð hafi stefnandi ekki efnt, heldur fært útteknar vörur til reiknings með hærra verðlagi; ennfremur hafi stefnandi ekki fært stefnda til tekna $\frac{1}{6}$ hluta verðs sláturfjárafurða frá haustinu 1919, en hafi þó lofað að borga sama verð fyrir þær og verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, og sú verslun hafi borgað út tjeðan fimta hluta verðsins; loks mótmælir stefndi því, að stefnandi leggur 7% ársvexti á skuld stefnda eins og hún er talin við árslok 1920 og á ný 7% í gestarjettarstefnunni 17. febr. þ. á. Í frumvörn sinni krefst stefndi þess, að honum verði bættur upp fimti hluti sláturfjárafurða frá haustinu 1919 og verðmismunur á

útteknum vörum 1919 og 1920 miðað við verð í verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, að vaxtakrafa stefnanda falli niður og að stefnandi svo „gefi út nýjan viðskiftareikning stefnda með þeim breytingum sem krafist er, að viðbættum 8% vöxtum af fimta partinum frá áramótum 1920 til greiðsludags“, svo og að stefnandi verði dæmdur til málskostnaðargreiðslu. Síðar undir rekstri málsins hefir stefndi að höfðaðri gagnsök nánar tilgreint kröfur sínar þannig, að honum verði í viðskiftum við stefnanda færðar til tekna eftirgreindar upphæðir:

1. Verðmismunur á útteknum vörum 1919 miðað við Borgarnes-verð kr. 165,73
2. 5% af viðskiftareikningi kr. 2777,30 — 138,50
3. 7% vextir frá 1. jan. 1920 til 1. júlí 1921 — 32,99

Þessar upphæðir samanlagðar nema kr. 337,22,

- | | |
|---|------------|
| en stefndi telur þær | kr. 327,17 |
| 4. Verðmismunur á útteknum vörum 1920 | — 224,64 |
| 5. $\frac{1}{5}$ sláturfjárafurða | — 417,10 |
| 6. 7% af kr. 417,10 fyrir árið 1920 | — 29,19 |
| 7. 7% vextir af kr. 1007,10 | — 70,49 |

Samtals kr. 1077,59

Stefnandi hefir mótmælt kröfum þessum og krafist dóms samkvæmt stefnunni.

Stefndi hefir ekki neitað því að vörumagn úttekinnar og innlagðrar vöru í viðskiftum sínum við verslunina þessi ár sje rjett talið, og er því ekki ágreiningur um það, heldur um verðlagið á vörunum. Til stuðnings kröfum sínum um lækkun á verði úttekinnar vöru 1919 og 1920 niður í verð við verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi hefir stefndi lagt fram vottorð dags. 12. maí þ. á. frá 3 bændum í Staðarsveit, þeim Jóni G. Sigurðssyni, Ásmundi Jónssyni og Eiríki Sigurðssyni um að stefnandi hafi lýst því yfir á fundi í Hofgörðum haustið 1920, að sama verð yrði á útteknum vörum í Skógarnesi það ár og hjá verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, og er vottorð þetta staðfest fyrir rjetti af 2 hinum fyrstnefndu vottorðsgefendanna undir rekstri málsins með þeirri athugasemd, að þeir hafi skilið það svo sem verðlag þetta setti að minsta kosti að gilda aðalvörurnar. Ennfremur hefir stefndi lagt fram vottorð stefnanda, dags. 30. des. 1919, um að Þorsteini Einarssyni á Litlu-Þúfu sje lofað verðlag þetta á matvöru, kaffi og sykri, og einnig vottorð frá Lifgjarni Hallgrímssyni á Rauðamel syðri, dags. 20. maí þ. á. um að hann

hafi fengið samskonar afslátt hjá stefnanda samkvæmt loforðum hans; ennfremur brjef stefnanda, dags. 13. júlí f.á., til síra Jóns N. Jóhannessens á Staðastað innihaldandi tilboð um sama verð á útteknum nauðsynjavörum og hjá verslun Jóns Björnsson & Co. í Borgarnesi, svo og vottorð Hjörleifs Björnssonar og Halldórs Erlendssonar, dags. 21. júní þ. á. um að stefnandi hafi í viðtali í febrúar 1919 í stofunni á Hjarðarfelli sagt, að sama verðlag yrði á útlendri og innlendri vöru og hjá Jónunum í Borgarnesi, og er vottorð þetta staðfest fyrir rjetti í máli þessa.

Að því er snertir vottorð þeirra Staðsveitinganna athugast, að fyrst og fremst nær það að eins til viðskifta við verslunina 1920 en ekki árið 1919, og að því sleptu verður ekki álitíð að stefndi, sem er búsettur í Eyjahreppi, geti byggt rjett til vöruverðs á ummælum stefnanda á fundi í Staðarsveit. Og þótt nokkrum mönnum hafi verið lofað Borgarnesverð á útteknum vörum, verður ekki þaraf leiddur almennur rjettur viðskiftamanna verslunarinnar, þar á meðal stefnda, til slíks verðlags. Ummæli stefnanda í stofunni á Hjarðarfelli við þá Hjörleif Björnsson og Halldór Erlendsson um verðlag hjá stefnanda geta eigi heldur sem lauslegt tal í viðræðu haft skuldbindandi verkun fyrir stefnanda sem alment loforð til viðskiftamanna, er stefndi geti byggt á kröfu um verðlag á útteknum vörum. Stefnandi hefir neitað því að hafa lofað stefnda Borgarnesverði á útteknum vörum, og þar sem stefndi hefir eigi gegn þessari neitun stefnanda sannað, að sjer hafi verið lofað öðru verði en í reikningnum greinir, geta athugasemdir hans við verð á úttekinni vöru við verslun stefnanda í Skógarnesi eigi orðið teknar til greina.

Þá hefir stefndi haldið því fram, að sjer beri rjettur til ógoldins fimta hluta af verði sláturfjárafurða þeirra, er hann haustið 1919 hafi lagt inn við verslun stefnanda í Skógarnesi, og telur hann tjeðan fimta hluta nema að verðhæð kr. 417,10. Stefndi heldur því fyrst og fremst fram, að stefnandi hafi lofað sjer sama verði fyrir sláturfjárafurðir þetta haust sem borgað yrði af verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, en því hefir stefnandi neitað og stefndi eigi gegn neitun stefnanda fært sönnur á að svo hafi verið. Um þetta atriði er upplýst í málinu, að verslun Jóns Björnssonar & Co. og Kaupfjelag Borgfirðinga í Borgarnesi borguðu út tjeðan fimta hluta, svo og kaupmaður Sæm. Halldórsson í Stykkishólmi að því er snertir viðskifti hans sunnanfjalls eða í Hnappadalessýslu, en að aftur á móti Sláturhúsið í

Borgarnesi, er hafði aðalfjártökuna þar og rjeð þar verðlaginu, borgaði ekki út fimta hlutann. Úrlausn þessa atriðis verður því að vera undir því komin hvaða sláturafurðaverð verslunin hafi lofað viðskiftamönnum sínum yfirleitt haustið 1919. Um þetta er upplýst í málinu með framburði Guðbjarts óðalsbónda Kristjánssonar á Hjarðarfelli, að stefnandi ljet hann birta í Staðarsveit þetta haust áætlunarverð á sláturfjárafurðum við Skógarnesverslun, sem átti að vera sama og hjá Sláturhúsinu í Borgarnesi. Ennfremur segir svo í brjefi frá stefnanda til Jóns G. Sigurðssonar óðalsbónda í Hofgörðum, dags. 6. sept.br. 1919, framlögðu í málinu af stefnda: „Verslunin hjer ætlar sjer að gefa sama verð fyrir sláturafurðir í haust og Sláturhúsið í Borgarnesi, og treystum við yður til að láta það berast“. Þetta staðfestist og af 2 brjefum frá nefndum Jóni G. Sigurðssyni til stefnanda, framlögðum í málinu, dags. 7. sept.br. og 11. des.br. 1919, þar sem skírskotað er til fyrnefnds brjefs stefnanda, dags. 6. sept.br. 1919, um að Skógarnesverslun borgi sláturafurðir haustið 1919 með sama verði og Sláturhúsið í Borgarnesi, og einnig af framburði Jóns G. Sigurðssonar sem vitnis í málinu, er jafnframt skýrði frá, að verð á kjöti og gærum 1919 og 1920 hafi hjá Skógarnesverslun verið í samræmi við verð Sláturhússins í Borgarnesi. Um birtingar verslunarinnar haustið 1919 á verði sláturafurða það haust í öðrum hreppum en Staðarsveit, er ekki upplýst í málinu. En þar sem þær verðtilkynningar, er fyrir liggja upplýsingar um, miðast við Sláturhúsið í Borgarnesi, og upplýst er að nefnt sláturhús borgaði ekki viðskiftamönnum sínum tjeðan fimta part verðs sláturafurðanna frá haustinu 1919, þykir ekki unt að skylda verslunina til að færa stefnda til tekna nefndan fimta hluta.

Stefnandi hefir á verslunarreikningi stefnda pr. 31. des.br. 1920 skuldað stefnda fyrir 7% vöxtum af skuld haps með kr. 148,24, þótt reikningur stefnda sýni, að hann var skuldlaus í ársbyrjun. Í gestarjettarstefnunni í málinu svo og í sókn sinni hefir stefnandi ennfremur krafist 7% ársvaxta frá stefnudegi til borgunardags. Með þessu móti krefst stefnandi tvöfaldra vaxta, og með því að lánsviðskifti við verslanir eru miðuð við árslok, þykir stefnandi að eins eiga kröfu til vaxta frá ársbyrjun 1921.

Frá kröfu stefnanda	kr. 2226,00
ber því að draga umrædda vexti	— 148,24

Eftir verða þá kr. 2077,76

og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda upphæð þessa

kr. 2077,76 ásamt 5 % ársvöxtum, sbr. almenn viðskiftalög nr. 21, 11. júlí 1911, 38. gr., frá 1. jan. þ. á. til borgunardags. Svo ber stefnda og að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst 50 kr.

Miðvikudaginn 20. júní 1923.

Nr. 31/1923.

Stefán Loðmfjörð

(Björn P. Kalman)

gegn

Júlíusi Björnssyni.

(Enginn).

Víxilmál.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 10. mars 1923: Stefndur, Stefán Loðmfjörð, greiði stefnandanum, Júlíusi Björnssyni, kr. 757,50 ásamt 6 % ársvöxtum frá 15. f. m. til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun og kr. 122,25 í málskostnað, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Mál þetta hefir verið flutt skriflega, með því að stefndi sótti eigi dómþing í hæstarjetti, og á því málskostnaður þar að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu birtri 19. f. m. af Júlíusi Björnssyni kaupmanni hjer í bænnum gegn Stefáni